# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 31

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reichsbank-Giro-Conto.

FABRIK UND BÜROS: Am Seefelde.

# Carl Francke, Bremen

Gegründet 1842.

## Kesselschmiede, Maschinenfabrik und Metallgiesserei.

Fernsprech-Anschlüsse 2201 und 2202.

Telegramm-Adressen: Gasfrancke, Bremen. Wasserfrancke, Bremen.

SPECIALITÄT:

Bau, Finanzierung und Verwaltung von kompleten **Gas-, Wasser-** und **Kanalisationsanlagen.**

**Wassertürme, Reservoire etc.**

**Gasapparate** neuester Systeme, als Kühler, Wäscher, Reiniger, Teervorlagen, Exhaustoren etc. Halb- und Voll-**Generatoröfen.**

Bau kompl. Ammoniakverwertungsanlagen, Ammoniak-Apparate.

Gasbehälter jeder Konstruktion.

**Pentairgas-Anlagen.**

Mótt. 2/10 '09
By. 18

~~Bremen~~ Reykjavík, den 1. október 1909

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda yður uppdrátti af íbúðarhúsi því, sem byggja á fyrir gasstöðina, og sem reist mun verða nákvæmlega samkvæmt þeim. Húsið á að reisa í haust úr steinsteypu og koma því undir þak, en fullgjört getur það orðið að vori næstkomandi.

Jeg leyfi mjer að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd um byggingarleyfi.

Virðingarfyllst
Byggingarstjóri gasstöðvarinnar
L. Schoenke.

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 556/1909 By. 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leifi jeg mjer virðingarfilst að biðja hina háttvirtu biggingarnefnd Reykjavikur svo velgjöra og veita mjer leifi að biggja geimsluskur á lóð minni við Lindargötu milli nr. 8 og nr. 10 að stærð 20 ál. og 20" lengd breidd 4 ál meðal hæð 8 ál, og 9" með brandveggi 3 kanta eins og með filgjandi uppdrattur sínir, með reikhaf í vaskahúsi.

Sömuleiðis óska jeg að meiga setja reykhaf í skúr þann er jeg hef biggt við austurgafl hins nía hús á sömu lóð. þetta óska jeg að fá afgjört hið allra firsta

Reykjavik 25 septtember 1909

Bjarni Jónsson snikkari

B. Rvk. 555/1909 By. 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í framhaldi af því sem jeg hefi áður mælst til af hinni heiðruðu byggingarnefnd, fer jeg þess enn á leit að fá breytt skúrnum vestan við hús mitt við Nýlendugötu, að hann verði þvert með öllum húsgaflinum, en nái einungis hálfa alin vestur á lóðina í viðbót við breidd skúrsins nú.

Í öðru lagi verð jeg að skora á nefndina að ræsi það sem hefur verið gert vestan við hús mitt verði betur gjört en það er, svo að ekki hlaupi vatn úr því inn í kjallara á húsi mínu, eins og átt hefur

Bj. 18 B-Rvk. 557/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjer stad ad undanförnu og gjört

mjer stórskada, er eg má líða

bótalaust. —

Um ofanskrifað vil jeg fá vitneskju

um, hið fyrsta, hverju svarað verður

No 16 við Nýlendugötu 1. okt. 1909

Jón Einarsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 30. Sept. 1909

Til byggingarnefndarinnar!

Mjer varð ekki vel við, er farið var að breyta gymnastikhúsinu við húsið nr. 11 í Bergstaðastræti í íbúðarhús, þóttist meðal annars sjá, að reykinn úr því mundi leggja í svefnherbergin í íbúð minni á efra gólfi í húsinu nr. 9. Og reynslan hefur staðfest þetta.

Svefnherbergin, mitt og barna minna, eru austan og sunnanvert í húsinu og gluggar opnir allan daginn. En hið nýja íbúðarhús er fast við lóðamörkin, sunnan og austanvert. Það er mjög lágt og reykháfurinn bæði lágur og víður, enda leggur reykinn með sunnan og austanátt beint á svefnherbergisglugga mína og inn í herbergin, svo að óviðunandi er.

Hingað til hefur ekki verið kveiktur upp eldur nema við og við, líklega til að þurka húsið ~~það~~, enda er ~~[illegible]~~ enn í smíðum.

Af því sem hjer er sagt, mælist jeg til þess, að ekki verði leyft að flytja inn í húsið, nema því að eins að fundið verði einhlýtt ráð við reykjarófagnaðinum þeim, sem hjer er lýst.

Með virðingu

L. H. Bjarnason

J. Rvk. 558

1909 By 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi ég mér, að biðja um að mér verði mælt út byggingarstaði undir íbúðarhús úr timbri 10 álnir á lengd og 11 álnir á breidd, með einum skúr, á lóð minni við Njálsgötu og Vitastíg hér í bænum.

Þessi útmæling óska ég fari fram við fyrsta tækifæri.

Njálsgötu 30 í Rvík., 26 september. 1909.

Sigurbjörn Þorkelsson.
— Verzlunarmaður —

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rode $\frac{553}{1909}$ B 1/10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg mælist til þess að fá samþykktan kvistglugga á suðurhlið húss míns vestanvert. Hæð sem á kvistgluggannum og sett er á mitt húsið nemur í sumar 2 ál. 8½ þuml. breidd að innanmáli 36½ þuml. Skárri, ekki burst.

Laufási við Reykjavík 28/9-09

Virðingarfyllst
Þórh. Bjarnarson

Til
Byggingarnefndar Reykjavíkur.

554
B. R. 1909 Bg. 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 2. oktbr.

Ár 1909, laugardaginn 2. oktbr., átti bygginganefnd fund með sjer og fór þar þannig fram.

1. Þórhalli biskupi Bjarnarsyni í Laufási leyft að gera kvistglugga á suðurhlið húss síns vestanverðu, 2° 8½" háan og 1° 12½" breiðan að innanmáli.
2. Sigurbirni Þorkelssyni verzlunarm. leyft að reisa einlopta íbúðarhús 10°×10° með skúr 2½°×3½° að stað á lóð hans við Njálsgötu og Vitastíg (ofanvert við Njálsg. og vestanvert við Vitastíg).
3. Bjarna snikkara og Þorm. Jónssyni leyft að reisa skúr 21°×4° að stað við syðri lóðarmörkum hans Lindargötu 8 B.
4. Jóni Einarssyni leyft að lengja skúrinn við vesturgafl húss hans Nýlendugötu 16 um hálfa alin til vesturs um leið og hann byggir hann upp, og að gera skúrinn jafnbreiðan húsinu.
5. Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri kvartar um reyk í íbúð sína úr reykháf bakhússins (Tómasar Tómassonar) Bergst. str. 11 B. Byggingarfulltrúa falin meðferð þess máls, samkv. 27. gr. bsmþ.
6. Byggingarstjórn gasstöðvarinnar leyft að reisa íbúðarhús að stað 7°×16° tvílopta og 6°×15½° + 2¼°×4° einlopta með parti; húsið á að vera úr steinsteypu og snúa framhlið að Hverfisgötu.
7. Brjefi er fram kom á fundinum frá Brillouin konsúl til stjórnarráðsins og það hafði sent nefndinni til umsagnar, fól bygginganefnd borgarstjóra að svara.
8. Bygginganefnd tekur það fram, að hún krefst þess, að hesthús það, er konsúll Brillouin hefir byggt í óleyfi á lóð sinni, verði rifið niður tafarlaust, og Brillouin látinn sæta sektum samkv. 32. gr. bsmþ. Ennfremur krefst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarnefndin þess, að ekki verði leyfð íbúð í íbúðarhúsi því, er nefndur Brillouin konsúll hefir byggt í sumar, fyrr en fullnægt er þeim ákvæðum byggingarsamþ., sem enn þá er ófullnægt í húsi þessu, en eru skilyrði þess, að húsið megi nota til íbúðar.

Fleira ekki fyrirtekið.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson K. Zimsen Rögnv. Ólafsson
Sig. Thoroddsen Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 2. oktbr.

Ár 1909, laugardaginn 2. oktbr., átti byggingarnefnd fund með sjer og fór þar þannig fram.

1. Þórhalli biskupi Bjarnarsyni í Laufási leyft að gera kvistglugga á suðurhlið húss síns vestanverðu, 2° 8½" háan og 1° 12½" breiðan að innanmáli.
2. Sigurbirni Þorkelssyni verslunarm. leyft að reisa einlopta íbúðarhús 10° × 10° með skúr 2½ × 3½ að stærð á lóð hans við Njálsgötu og Vitastíg (ofanvert við Njálsg. og vestanvert við Vitastíg).
3. Bjarna smikkara og Þorv. Jónssyni leyft að reisa skúr 21° × 4° að stærð að sydri lóðarmörkum hans Lindargötu 8 B.
4. Jóni Einarssyni leyft að lengja skúrinn við vesturgafl húss hans Nýlendugötu 16 um hálfa alin til vesturs um leið og hann byggir hann upp, og að gera skúrinn jafnbreiðan húsinu.
5. Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri kvartar um reyk í íbúð sína úr reykháf bakhússins (Tómas Tómassonar) Bergst. str. 11 B. Byggingarfulltrúa falin meðferð þess máls, samkv. 27. gr. bsmþ.
6. Byggingarstjórn gasstöðvarinnar leyft að reisa íbúðarhús að stærð 7° × 16° tvílopta og 6° × 15½° + 2¼° × 4° einlopta með parti; húsið á að vera úr steinsteypu og snúa framhlið að Hverfisgötu.
7. Brjefi er framkom á fundinum frá Brillouin konsúl til stjórnarráðsins og það hafði sent nefndinni til umsagnar, fól byggingarnefnd borgarstjóra að svara.
8. Byggingarnefnd tekur það fram, að hún krefst þess, að hesthús það, er konsúll Brillouin hefir byggt í óleyfi á lóð sinni, verði rifið niður tafarlaust, og Brillouin látinn sæta sektum samkv. 32. gr. bsmþ. Ennfremur krefst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarnefndin þess, að ekki verði leyft íbúð
í íbúðarhúsi því, er nefndur Brillouin konsúll
hefir byggt í sumar, fyrr en fullnægt er þeim
ákvæðum byggingarsamþ., sem enn þá er ófull-
nægt í húsi þessu, en eru skilyrði þess, að
húsið megi nota til íbúðar.

Fleira ekki fyrirtekið.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson K. Zimsen Rögnv. Ólafsson
Sig. Thoroddsen Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 2. oktbr.

Ár 1909, laugardaginn 2. oktbr., átti bygginganefnd fund með sjer og fór þar þannig fram.

1. Þórhalli biskupi Bjarnarsyni í Laufási leyft að gera kvistglugga á suðurhlið húss síns vestanverðu, 2° 8½" háan og 1° 12½" breiðan að innanmáli.
2. Sigurbirni Þorkelssyni verzlunarm. leyft að reisa einlopta íbúðarhús 10°×16° með skúr 2½°×3½° að stærð á lóð hans við Njálsgötu og Vitastíg (ofanvert við Njálsg. og vestanvert við Vitastíg).
3. Bjarna trjesmið og Abram. Jónssyni leyft að reisa skúr 21°×4° að stærð að syðri lóðarmörkum hans Lindargötu 8 B.
4. Jóni Einarssyni leyft að lengja skúrinn við vesturgafl húss hans Nýlendugötu 16 um hálfa alin til vesturs um leið og hann byggir hann upp, og að gera skúrinn jafnbreiðan húsinu.
5. Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri kvartar um reyk í íbúð sína úr reykháf bakhússins (Tómasar Tómassonar) Bergst. str. 11 B. Byggingarfulltrúa falin meðferð þess máls, samkv. 27. gr. bsmþ.
6. Byggingarstjórn gasstöðvarinnar leyft að reisa íbúðarhús að stærð 7°×16° tvílopta og 6°×15½° + 2¼°×4° einlopta með porti; húsið á að vera úr steinsteypu og snúa framhlið að Hverfisgötu.
7. Brjefi er framkom á fundinum frá Brillouin konsúl til stjórnarráðsins og það hafði sent nefndinni til umsagnar, fól bygginganefnd borgarstjóra að svara.
8. Bygginganefnd tekur það fram, að hún krefst þess, að hesthús það, er konsúll Brillouin hefir byggt í óleyfi á lóð sinni, verði rifið niður tafarlaust, og Brillouin látinn sæta sektum samkv. 32. gr. bsmþ. Ennfremur krefst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarnefndin þess, að ekki verði leyft íbúð í íbúðarhúsi því, er nefndur Brillouin konsúll hefir byggt í sumar, fyrr en fullnægt er þeim ákvæðum byggingarsamþ., sem enn þá er ófullnægt í húsi þessu, en eru skilyrði þess, að húsið megi nota til íbúðar.

Fleira ekki fyrirtekið.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson K. Zimsen Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur